

SKÓGARVÖRDURINN Á SUDVESTURLANDI

S T A R F S S K Ý R S L A 1 9 6 1.

## S T A R F S S K Ý R S L A 1 9 6 1.

### Girðingar:

Girðingar Skógræktar ríkisins á starfssvæðinu voru lagfærðar og endurbættar eins og kostur frekast leyfði. Það voru einkum girðingarnar á Laugarvatni og í Straumi sem farið höfðu illa um veturinn og voru þær báðar lagfærðar.

Á Laugarvatni er gamla girðingin frá Skjálfskvíum austur Snorrastaðafjall að Markagili orðin ónýt að kalla (girt 1936), og þarf að endurgirða pennan kafla með nýju efni hið allra fyrsta. Einnig verður að endurbæta línuna niður með Markagili.

Í Haukadal var girðinguunni haldið við af eftirlitsmanninum þar, en nú fer að verða mjög aðkallandi að endurgirða með nýju efni langa kafla af henni, einkum inn á Grjótunum upp frá Tungufljóti. Aðstaða til þess hefir batnað til muna við það að nú er akfært þangað inn-eftir.

Að Laugabóli við ísafjarðardjúp sá ég um uppsettingu á nýrri girðingu. Hefir Sigurður Þórðarson bóndi þar og aðrir eigendur jarðarinnar afhent Skógrækt ríkisins til eignar endurgjaldslaust um 70 - 80 ha spildu úr landi hennar til skógræktar. Land þetta er skógivaxin hlíð í Laugabólsdal og nær frá Bautará og heim fyrir Flautaá. Það er að mestu vaxið ungum birkiskógi.

Girðingarstæði reyndist allerfitt upp á fjallinu og eins niður hlíðarnar, en gott að neðan. Flutningar á efni upp á fjallið voru einkum erfiðir.

Lengd girðingar er rúmir 4 km. Hlið er á girðinguunni nyrzt við Flautaá. Verkstjóri við girðingu og gróðursetningu á Laugabóli var Guðmundur Bjarnason úr Reykjavík og var vinnuflokkurinn þaðan.

1034	6.000	1.3
1052	5300	1.3
1041	5000	1.0
2041	8000	1.6
2051	2600	0.6
3031	1300 - 300	0.2
3042	4.000	0.7
	32.200	
	31.900	

- 2 -

Gróðursetning: 1961.

Í skóglendi Skógræktar ríkisins var gróðursett sem hér segir:

Í Haukadal: (um vorið):

Sæð 1957					
31.900	ravðgreni	2/3	Leirfjord, <i>Nesna</i> (Fossv.)	1052 - 1034 - 1041 - 2041.	2051 - 3042 - 3031
7.500	"	2/3	N-Helgeland ( " )	1042 (4517) <i>Leif.</i>	
3.800	sitkagreni	2/3	2/4 Cordova (Hall.)		
2.300	sitkabastarður	2/3	Lawing ( " )	4023	
725	fjallapínur	2/3	(Skagway?) x (Fossv.)	Prince George	
460	"	2/3	Alaska Lake ( " )	2032	
1.000		2/3	Sapinero ( " )	1053.	
500	hvítþínur	2/3	Sapinero ( " )		
50	balsampínur	2/3	( " )		
500	svartgreni	2/2	Port Hope		
500	douglasgreni	2/3	Simpson ( " )		
2.000	stafafura	2/2	merkt Búss		1035?
7.000	birki	2/2	Skagway (Hall.)	4023	
450	elri	2/2	Bæjarst. (Vagl.)	45-17.7	
500	<del>douglasgreni</del>	2/2	Rognan (Fossv.)	2043.	
			Blue Meza (Tunna)		

Sumargróðursetning í ágúst:

2.100	blágreni	2/2	Sapinero (Tum.)	3041 v 0.3 ha
30.000	sitkagreni	2/2	Cordova ( " )	1061.1
5.825	"	2/2	Seward ( " )	3043.
3.125	douglasgreni	2/2	Blue Meza ( " )	1071.1
46.050				

Að Laugarvatni:

500	ravðgreni	2/2	N-Helgeland ( Tum. )
750	blágreni	2/2	Sapinero ( " )
750	sitkagreni	2/2	Cordova ( " )

Í Straumsgirðingu:

50	skógarfura	2/2	Tromsstr. (Fossv.)
100	sitkagreni	2/2	Seward ( " )
1.500	sitkabastarður	2/3	Lawing (Hall.)
1.525	bergfura	2/2	<i>Granulitinden</i> (Fossv.)
25	hvítþínur	2/2	Sapinero (Fossv.)

X) Sæð í fjör. 1957

Fjallapínur:

B.C. Km. 0.500 - 1.000  
300 - 300  
B.C. Km. 1.000 - 1.500  
300 - 300

B.C. Km. 1.500 - 2.000

Myndunarsíða fyrir skógræktar ríkisins í Haukadalum. Þáttur 1. Þáttur 2.

f Sandey í Þingvallavatni:

550	sitkagreni	2/3	Cordova	(Hall.)
100	bergfura	2/2		(Fossv.)
25	stafafura	2/2	Skagway	( " )
100	hvítþinur	2/3	Sapinero	( " )
25	broddfura	2/2		(Hall.)
25	blágreni	2/2	Sapinero	(Fossv.)
25	birki	2/2	Bæjarst.	( " )
25	viðja	0/2		( " )
25	elri	2/2	Rognan	( " )

Í Laugabólsgirðingu:

10.000	sitkagreni	✓	2/2	Seward	(Fossv.)
10.000	rauðgreni	✓	2/3	N-Helgeland	(Vagl.)

Í Haukadal unnu um 26 Norðmenn að gróðursetningu frá 1.júni - 11. júni, en vinnuflokkur úr Reykjavík síðsumars. Vinnuflokkur úr Reykjavík grisjaði allt það svæði sem gróðursett var í. Verkstjóri í Haukadal var Kristinn Skæringsson.

1) Í Haukadal var gróðursett einkum meðfram nýja veginum frá Svartagili og inn hlíðina. Næst Svartagili ofan vegar var farið upp fyrir eldri gróðursetningar og niður á milli þeirra, þar sem hlaupið hafði verið yfir áður. Um vorið var lokið við svæðið inn að Kolabrekkum. En síðumars var haldið þaðan og allt inn að rásinni utan við malargryfju. Alls var gróðursett í um 9 ha lands ofan vegar.

2) Neðan vegarins var gróðursett á milli eldri gróðursetninga og í víði-fláka utan frá Svartgilshvammi og inn að mýrarsundinu neðan við Kolabrekkur, samtals í um 2.5 ha.

3) Í Skógarhólinn neðan við Laugará en ofan við langaskurð var gróðursett í tæpa 2 ha.

Plagl 60?

Á mýrinni milli vegar og Kaldalækjar var gróðursett utan í plögstrengi, aðallega sitkagreni og stafafura en einnig nokkuð af elri. Í hluta af þessari gróðursetningu var borinn húsdýraáburður í holuna, en annars tilbúinn áburður eftir gróðursetningu. Haukur Ragnarsson tilraunastjóri er með sérstaka áburðartilraun á hluta af plöntunum í

þlögstrengjunum. Þessi plægðu stykki eru þrjú, hið neðsta þeirra er stærst um 0.4 ha að stærð, hin heldur minni.

5) 4514 <sup>ca 1.3 ha</sup> <sup>Graf 7/347, 3. fyr  
Lárin 2/3 2. Mað</sup>  
Í stóru flötina innan við aðalhlíðið var gróðursett sitkagreni og sitkabastarður, innan um birkið, sem vaxið hefir þar upp af sáningu. Þarna voru notaðar stórar greniplöntur og sauðatað borið vel undir í hverja holu.

6) 1258 <sup>ca 1.3 ha</sup>  
Í litlu hestagirðinguna innan við aðalhlíðið sunnan vegar voru gróðursettar tæplega 3.000 rauðgreni og álíka fjöldi af birki.

Samtals var gróðursett í um 18 ha lands í Haukadal.

Á Laugarvatni gróðursettu nemendur úr Héraðsskólanum undir stjórn Pórarins Stefánssonar kennara.

Í Straumi gróðursetti vinnuflokkur úr Reykjavík að mestu leytti en landnemar nokkuð. Þar var borinn húsdýraáburður í holur og nokkuð af tilbúnum áburði á eftir. Í Sandey í Þingvallavatni var gróðursett í fyrsta sinn á vegum Skógræktar ríkisins. En þar hefir Daniel Féldsted læknir gróðursett nokkur hundruð plöntur á undanförnum 25 árum. Nú hefir Daniel gefið Skógræktinni sinn eignarhluta af eyjunni en fyrr höfðu þau hjónin Jónas Jónsson frá Hriflu og kona hans Guðrún gefið sinn hluta af Sandey. Í þetta sinn var gróðursett í gróna sandbrekku norðan til á eynni upp af vík sem þar er.

Á Laugabóli við Ísafjarðardjúp var gróðursett í um 4 ha lands sunnan við Flautaá. Ær 10.000 sitkagreni frá Seward fyrst en síðan 10.000 rauðgreni frá Rana. Gróðursett var síðsumars 7. ágúst - 18. ágúst og grisjað jafnoðum. Magnús Kristjánsson frá Múla nú garðyrkjumaður í Reykjavík gaf kr. 50.000.oo til gróðursetningar í Laugabólsskógi.

Býzkars bjúgskóflur voru notaðar við gróðursetningu með ágætum árangri í Haukadal og í Sandey, en í Straumi og á Laugabóli var of grýtt fyrir þær og voru þær notaðir hakar að mestu.

#### Vegagerð:

Sakir fjárskorts var ekkert unnið við vegagerð í Haukadal á árinu, en nauðsyn ber til að halda áfram að bera ofaní lagða vegi þar hið fyrsta.

### Skjólbelti:

Eldri skjólbeltin á Hvítárbakka og Gunnarsholti voru hreinsuð af starfsmönnum fra Skógræktinni með aðstoð heimamanna. Fylgst var með skjólbelti um á Hvanneyri og á Þórustöðum í Ölfusi. Hefir sérlega vel tekist til með skjólbeltið á Þórustöðum og hafa eigendurnir þar tekið alveg að sér umhirðu þess. Á Hvanneyri hefir Magnús Óskarsson sýnt þessu verkefni hinn mesta áhuga og séð um hirðingu skjólbeltanna þar.

Að Gunnarsholti var gróðursett í nýtt skjólbelti samsíða hinum tveimur eldri. Lengd þessarar viðbótar er tæpur km. (950 m.)

Í þetta belti voru gróðursettar:

200	birki	2/2	
920	sitkagreni	2/4	Cordova
1.400	sitkabastarður	2/3	Lawing
2.400	viðjur	0/2	
2.100	þingvíðir	0/2	

Á þessu sumri var vöxtur jafn og öruggur í skjólbeltunum og urðu þau ekki fyrir neinum áföllum.

Mestu erfiðleikarnir í sambandi við skjólbeltin er umhirða þeirra. Af þeirri reynslu sem nú þegar er fengin, er það ljóst að vegna mannafæðar í sveitum og annríkis að vorinu er þess vart að vænta að bændur né aðrir þeir, sem bundnir eru bústörfum geti bætt við sig því starfi sem hirðing skjólbeltanna er. Þær aðferðir sem tíðkast hafa fram að þessu til þess að halda skjólbeltunum hreinum, þ.e. tætt með garðtætara milli raða en hreinsað með arfasköfum milli plantna eru alltof kostnaðarsamar. Og það versta er að þessar aðferðir verða því dýrarí í framkvæmd, sem illgresið fær að vaxa meira á legg fyrst á vorin. Vonir standa til að notkun réttra illgresisolíá, muni leysa þennan vanda. En því miður drógst tilraun, sem ráðgerð hafði verið vorið 1961 úr hömlu, sakir þess að olíur og lyf fengust ekki afgreidd í tæka tíð vegna verkfalla fyrst í Danmörku og síðan her heima. En nú verður gerð gangskör að slíkri tilraun vorið 1962.

### Ferðalög:

Eins og að venju fór ég margar ferðir til leiðbeininga og eftirlits um Suðvesturland. Flestar voru ferðir þessar farnar að vorinu og fyrri hluta sumars.

í byrjun júlí fór ég vestur að Laugabóli við ísafjarðardjúp og síðan aftur í ágústbyrjun.

Allan septembermánuð var ég að meira eða að minna leyti á ferðum með skógræktarmönnum frá Alaska þeim R.R.Robinson og J.W.Scott. Var fyrst farið um Suðurland undir leiðsögn skógræktarstjóra, en síðan fór ég með þeim um Norðurland og Borgarfjörð.

Vegna skjólbeltilrauna ferðaðist ég um Borgarfjörð og Suðurland.

Ymislegt:

Eins og áður saá ég um móttöku og afgreiðslu á girðingarefni fyrir Skógrækt ríkisins og ýmiskonar fyrirgreiðslu og útveganir fyrir skógarverði er þess þurfti með.

Reykjavík 15/2. 1962,

Einar G. E. Sæmundsen.